

STJÓRNARTÍÐINDI B 51 – 2002

18. apríl 2002

945

Nr. 310

GJALDSKRÁ

vegna kostnaðar við gerð bindandi álit á skattamálum.

1. gr.

Til að mæta þeim kostnaði sem fjármálaráðherra og ríkisskattstjóri hafa af gerð bindandi álit á skattamálum skal hver sá sem óskar eftir álit greiða gjald eftir því sem kveðið er á um í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Þegar beiðni um bindandi álit er lögð fram skal greiða grunnjald kr. 50.000. Að auki skal greiða 4000 kr. viðbótargjald fyrir hverja vinnustund við gerð bindandi álits umfram 10 vinnustundir áður en álit er látið uppi.

3. gr.

Heimilt er að endurgreiða grunnjald ef álitsbeiðandi dregur beiðni sína um bindandi álit til baka áður en vinna hefst við gerð álitsins. Ennfremur er heimilt að endurgreiða allt að helming grunnjaldsins ef beiðni um bindandi álit er vísað frá án þess að þörf sé á sérstökum rökstuðningi. Að öðru leyti gilda ákvæði 2. gr. um frávisanir.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 7. gr. laga nr. 91/1998 um bindandi álit í skattamálum, með síðari breytingum, og 4. mgr. 117. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 18. apríl 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Erla P. Pétursdóttir.